

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – nóvember 2025

Skráð atvinnuleysi í nóvember var 4,3%

Skráð atvinnuleysi í nóvember var 4,3% og jókst um 0,4% frá síðasta mánuði. Í nóvember 2024 var atvinnuleysið hins vegar 3,7%.

Að meðaltali voru 8.749 atvinnulausir í nóvember, 5.130 karl og 3.620 konur. Meðalfjöldi atvinnulausra fjölgaði um 720 manns milli mánaða.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í nóvember eða 8,6% og hækkaði úr 7,1% frá fyrri mánuði.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,5%.

Alls komu inn 152 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar í nóvember.


Atvinnulausir voru 9.152 í lok nóvember, 5.328 karlar og 3.824 konur.

Í nóvember 2025 gaf Vinnumálastofnun út 357 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 294 á höfuðborgarsvæðinu.

Í nóvember voru 194 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 6 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi fari hækkanði í desember og verði um 4,5%.

Þróun atvinnuleysis frá nóvember 2023 til nóvember 2025




Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi jókst og fór úr 3,9% í 4,3% á landinu sem heild og nokkrar breytingar áttu sér stað á milli svæða.

Atvinnuleysi hækkaði mest á Suðurnesjum, fór úr 7,1% í 8,6%. Atvinnuleysi lækkaði hvergi á landinu. Atvinnuleysi var 4,3% á landsbyggðinni í nóvember mánuði og 4,2% á höfuðborgarsvæðinu.


Atvinnuleysi var lægst á Norðurlandi vestra eða 1,5%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í október og nóvember.



Atvinnuleysi karla var hærra en kvenna á landinu öllu í nóvember og á meirihluta svæða. Mestur var munurinn á atvinnuleysi á Norðurlandi eystra þar sem atvinnuleysi karla var 3,6% en atvinnuleysi kvenna 2,7%. Á Vestfjörðum var því þó öfugt farið en þar mældist 3,4% atvinnuleysi meðal kvenna en 2,6% meðal karla.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í nóvember.



Greining atvinnuleysis

Atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 9.152 í lok nóvember, 5.328 karlar og 3.824 konur. Fjölgaði atvinnulausum körlum um 376 frá októberlokum en atvinnulausum konum fjölgaði um 203.

Alls voru 2.490 atvinnuleitendur á aldrinum 18-29 ára án atvinnu í lok nóvember og fjölgaði um 223 frá lokum október.


Alls höfðu 1.654 atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok nóvember. Í nóvember 2024 var fjöldi þeirra hins vegar 1.273 og nemur fjölgunin 381 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru 1.824 í nóvember síðastliðnum en voru 1.561 í nóvember 2024.

Atvinnugreinar

Atvinnulausum fjölgaði nokkuð heilt yfir í nóvember en þróunin var misjöfn eftir atvinnugreinum. Mest var fjölgunin í gistipjónustu þar sem atvinnulausum fjölgaði um 141, í ferðapjónustu þar sem fjölgaði um 137 og í byggingarstarfsemi um 102. Þá fjölgaði atvinnulausum um 98 í veitingarþjónustu, 91 í verslun og vöruflutningum og um 88 í farþegaflutningum með flugi.

Atvinnulausir eftir atvinnugreinum




Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 5.331 erlendu atvinnuleitandi án atvinnu í lok nóvember og fjölgaði um 445 frá því í lok október. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var 58% í lok nóvember.


Vinnumálastofnun áætlað að atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara hér á landi hafi verið 9,4% í nóvember samanborið við 2,4% hjá Íslendingum.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá, þróun síðustu 2 ár



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 2.134 sem er um 40% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst komu atvinnuleitendur frá Litáen, Úkraínu og Rúmeníu.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok nóvember 2025



Atvinnuleyfi


Atvinnuleyfi

Í nóvember 2025 gaf Vinnumálastofnun út 357 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 294 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 199 leyfi til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 158 leyfi voru framlengt.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í nóvember, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna skorts á vinnuafli eða 97 leyfi. Þá voru gefin út 89 leyfi vegna náms og 77 vegna fjölskyldusameininga. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í nóvember

voru flest leyfi gefin út vegna stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 34%, 26% vegna þjónustustarfa og 18% vegna verkafólks. Um 21% voru í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í nóvember 2025




Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis- tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í nóvember voru gefin út 162 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 97 einstaklingar, 10 fóru til Spánnar, 10 til Tékklands og 8 til Slóvakíu. Þá voru gefin út 37 vottorð til viðbótar til 11 annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, nóvember 2025




Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 152 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í nóvember. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða 122 störf, önnur voru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 83% starfanna voru á höfuðborgarsvæðinu og 8% á Suðurlandi. Þá voru 9% annars staðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í nóvember 2025



Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum og fara af skrá í allt að sex mánuði á ráðningu með styrk. Í nóvember voru 194 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 6 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk. Flestir þátttakendur voru á höfuðborgarsvæðinu eða 145 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.